

17. júlí 2024

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík  
b.t. Rannveig Einarisdóttir, sviðsstjóra Velferðarsviðs

### **EFNI: Stuðningur við lóðaumsókn**

Ás styrktarfélag og Reykjavíkurborg hafa verið með þjónustusamning sín á milli allt frá yfirflutningi málaflokks fatlaðra til sveitarfélaga í janúar 2011. Endurnýjaður samningur milli félagsins og borgarinnar var undirritaður þann 15. október 2021 með gildistíma 01.01 2021 til 31.12.2025. Í bókun nr. 3 með samningnum er kveðið á um að 36 mánuðum frá undirritun hans skuli íbúar í Víðihlíð 5-11 fá aðra og hentugri búsetu hjá Reykjavíkurborg. Enn hefur ekkert breyst í búsetu þessa hóps og okkur er ekki kunnugt um að breytingar séu á næsta leyti. Við teljum afar brýnt að þeir 11 íbúar sem enn búa í Víðihlíð fái tilboð um breytta búsetu sem allra fyrst. Ástæður þess eru m.a. þessar:

- Víðihlíð er herbergjasambýli í fjórum samtengdum húsum sem eru á tveimur hæðum. Einkarými er lítið og sameign stór.
- Húsnæðið er afar óhentugt fyrir bæði íbúa og starfsfólk. Fermetrar nýtast illa. Vistaverur hvers íbúa eru þröngar og margar undir súð. Aðgangur að salerni og baði eru í sameign. Þá eru íbúar farnir að eldast og hluti hópsins á erfitt með að nota stiga milli hæða.
- Mikil viðhaldsþörf er á fasteigninni næstu árin, svo sem endurnýjun stórs hluta þaks, endurnýjun svo til allra glugga og fleira. Þetta verða dýrar framkvæmdir. Búseta í húsunum mun raskast á meðan á framkvæmdum stendur og viðgerðirnar munu í engu bæta innri aðbúnað íbúa.

Auk Víðihlíðarhúsanna er félagið með hús á Auðarstræti 15 og á Háteigsvegi 6 sem eru nokkurra hæða stigahús. Vegna aldurs og heilsufarsvandamála eiga íbúar þar orðið erfitt með að ganga stiga. Því er einnig brýnt að framtíðarlausn fái innán hæfilegs tíma fyrir þann hóp. Til að vinna að úrlausn þessara húsnæðismála stendur vilji félagsins til að byggja búsetukjarna á einni hæð sem uppfyllir kröfur samtímans og mætir breyttum þörfum þeirra skjólstæðinga félagsins sem hér um ræðir. Vegna þessa leitum við eftir stuðningi Velferðarsviðs við væntanlega umsókn um lóðir í Reykjavík fyrir búsetukjarna. Stefnt er að því að hefja umsóknarferli og byggingu eins fljótt og mögulegt er, fái félagið velvild og jákvæðan stuðning til þess. Markmið okkar nú sem fyrr að bjóða húsnæði sem stenst almennar kröfur og mætir þörfum hópsins sem er í okkar þjónustu.

Með ósk um að tekið verði vel í erindi okkar og það fái stuðning og jákvæða afgreiðslu sem fyrst. Velkomið er að hafa samband við mig, ef þið viljið ræða þessi mál frekar.

Virðingarfyllst,  
F.h. stjórnar Áss styrktarfélags

---

Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri